



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á samkomu á Ólafsfirði**  
**í opinberri heimsókn til Eyjafjarðar**  
**19. maí 1999**

Ágætu Ólafsfirðingar  
og aðrir góðir gestir

Samveran með ykkur hér í dag hefur í senn veitt mér ánægju og fróðleik og ég færi ykkur einlæggar þakkir fyrir frábærar og hlýlegar móttökur.

Það var vissulega tignarlegt að koma í gegnum göngin, hið glæsilega mannvirki sem ber vitni um hæfni, tæknikunnáttu og framfararhug, ríkan vilja til að tengja byggðirnar saman og láta hvorki fjöll né firnindi stíða okkur í sundur; vegvísir og fordæmi um þær framkvæmdir sem koma þurfa á nýrri öld, svo aðrar byggðir, bæði hér nyrðra og fyrir austan, geti líkt og þið nýtt sér samgöngukerfið til búsældar og betra mannlífs.

Í heimsókn minni í fyrirtækin fyrr í dag kynntist ég ríkulegum vilja ykkar til framfara og nýrrar sóknar, hvernig þið hyggist nýta þau tækifæri sem fjölþættur markaður nýrra tíma felur í sér. Þau þáttaskil sem göngin fólu í sér hafa opnað ykkur nýjar leiðir og hvatt til umhugsunar um þá möguleika sem nú bjóðast. Þannig eru samgöngumannvirkin ekki aðeins verkefni í þágu umferðar og flutninga heldur líka vítamíngjafi á sviði atvinnu og félagslífs.

Ég sé svo hér í salnum hrausta og glaða æsku Ólafsfjarðar, einbeitta og sókndjarfa, innblásna lífsþrótti sem fjöllin, snjórinn og hafið veita þeim sem eru svo lánsöm að alast upp í íslenskum fjörðum. Þegar ég var strákur á Ísafirði hjá þabba mínum og mömmu og hjá afa og ömmu í Dýrafirði vorum við fyrir vestan svo sannarlega stolt af getu okkar manna í skíðabrekkum landsmótanna. Samt vissum við að á Ólafsfirði voru

kappar sem alltaf og ætíð voru á sigurpalli, sannkallaðar hetjur sem við máttum mikils.

Aðstæður til skíðastökksins voru nánast engar fyrir vestan og við öfunduðum Ólafsfirðinga af hinni frábæru aðstöðu sem ætíð gaf keppendum ykkar ósigrandi forskot. Ég held að Ólafsfjörður hafi í hugum okkar komist næst Holmenkollen, hinni frægu skíðaparadís Norðmanna, sem að okkar dómi var eins konar himnaríki skíðaíþróttanna.

Það er gleðiefni að enn er Ólafsfjörður að færa þjóðinni hetjur og fyrirmyndir sem sýna æsku landsins að hægt er að vera í senn góður Íslendingur og afreksmaður á alþjóðlegum keppnisvelli, að okkar litla þjóð er fullgildur þátttakandi í viðleitni heimsins að ná sífellt betri og betri árangri.

Ólafsfirðingurinn knái, Kristinn Björnsson, hefur með framgöngu sinni, hæfileikum, einbeitni og þjálfun sýnt ungum Íslendingum að hægt er að ná í fremstu röð, að eigi maður drauma um að skara fram úr eru æskustöðvar í norðlenskum firði ákjósanlegur vettvangur uppeldis og reynslu.

Í heimi alþjóðlegrar fjölmiðlunar er litlum þjóðum nauðsynlegt að eiga sínar eigin hetjur, hæfileikafólk sem með árangri sínum sannar í verki sjálfstæðisvitund og fullveldisrétt þjóðarinnar sjálfar. Ef fyrirmyndir æskunnar væru eingöngu bundnar bandarískum körfuboltaköppum og frönskum eða breskum fótboldahetjum þá mun þjóðernis tilfinning unga fólksins smátt og smátt þverra.

Því er hið frábæra íslenska íþróttafólk á okkar tímum, líkt og skáldin fyrrum eða kappar í fornsögum, merkisberar sjálfstæðis Íslendinga og skapandi þjóðernisvitundar hjá hverri nýrri kynslóð. Ólafsfjörður hefur í þessum efnum verið þjóðinni dýrmæt auðlind og fyrir það ber að þakka á þessari hátíðarstund í íþróttahúsinu ykkar.

Ég er sannfærður um að hér í salnum eru ungar stelpur og ungir strákar, fóstruð í firðinum og hert í glímunni við snjóinn að vetrum, sem eiga eftir að gera garðinn frægan og verða ekki aðeins stolt Ólafsfjarðar heldur Íslendinga allra.

Það er þjóðinni dýrmætt að eiga slík byggðarlög sem verða hluti af sjálfsmynd landsmanna, sívakandi hvatning um að getu okkar eru nánast engin takmörk sett.

Kannski er það tign fjallanna, Ólafsfjarðarmúlinn, einstakur, stundum ógnandi og erfiður, en ávallt ögrandi og glæsilegur sem blæs baráttuanda í brjóst; síbreytileg skaphöfn hafsins, hrynjandi náttúrunnar frá morgunstund til kvöldbjarma, vornóttum til vetrarhörku sem knýr okkur til að sigrast á hinu óyfirstíganlega.

Ólafsfjörður, blómleg og söguleg byggð við nyrstu hafsmörk Íslands, er ekki aðeins ykkar kæra heimabyggð heldur líka traust stoð í þjóðarvitund Íslendinga. Við höfum blessunarlega eignast nokkra slíka táknaði; Ólafsfjörður er einn þeirra.

Í kirkjunni ykkar fyrr í dag kynntist ég því hve mikla alúð þið hafið lagt við að varðveita einstakt guðshús sem er veglegur minnisvarði um stórhug og listfengi íbúa Ólafsfjarðar í árdaga þessarar aldar.

Í aðdraganda hinnar miklu Kristnihátíðar, sem reyndar hófst formlega hér í Eyjafirði fyrir skömmu, en verður rismest á Þingvöllum að ári, er hollt að líta til fordæmis ykkar um endurbyggingu og varðveislu kirkjunnar.

Um landið allt eru kirkjur, stórar og smáar, og telja sumar aldurinn í árhundruðum, sem eru auk hlutverks í trú okkar og tilbeiðslu, musteri minja um sögu okkar og menningu. Þær geyma fögur listaverk, sum ævafor, krossa, krónur og kaleika, altarisbríkur og predikunarstóla, útskorna hagleikssmíð; dýrgripi úr þjóðarsögu og trúarlífi; menningararf sem okkur ber að varðveita og virða.

Ég hef áður hvatt til þess að Kristnihátíð verði sóknum landsins, prófastsdæmum og þjóðinni allri tilefni til að hlúa myndarlega að verðmætum sem kirkjur landsins geyma, að tryggja að óbornar kynslóðir fái í sinn hlut þau guðshús sem eru samofin þjóðlífi þessarar aldar og einnig til varðveislu minjar um trú og menningu fyrri tíðar.

Það verður mér kærkomið og ljúft að geta nú vitnað til samverustundarinnar í kirkjunni ykkar, að vísa í fordæmið sem þið hafið í þessum efnum öðrum sýnt.

Þannig hefur heimsóknin fært mér margvíslegan fróðleik og gleði og ég þakka ykkur fyrir vináttu og hlýhug sem þið hafið sýnt mér á þessum degi.

Megi framtíðin verða ykkur öllum til gæfu og farsældar og Ólafsfjörður áfram vera útvörður þeirra eiginleika sem best hafa dugað í fari Íslendinga.

